

# Þjóðgarður norðan Vatnajökuls

*áhrif á ferðapjónustu*





# Þjóðgarður norðan Vatnajökuls

## *áhrif á ferðapjónustu*



*Vígabjarg, austan Jökulsárgljúfurs*

*Ljósmyndir í skýrslunni: Rafn Hafnfjörð*

## **Samantekt unnin fyrir Umhverfissráðuneytið í maí 2004**

*Höfundur: Rögnvaldur Guðmundsson*  
Rannsóknir og ráðgjöf ferðapjónustunnar (RRF)  
Tæknigarði, Dunhaga 5,  
107 Reykjavík



# Efnisyfirlit

<b>Samantekt</b>	<b>1</b>
<b>1.0 Inngangur</b>	<b>3</b>
1.1 Verkefnið	3
1.2 Greinargerðin	4
<b>2.0 Fjöldi, gistinætur og útgjöld ferðamanna á Íslandi 2003 og spá um þróunina</b>	<b>5</b>
2.1 Erlendir ferðamenn	5
2.2 Innlendir ferðamenn	6
2.3 Að öllu samanlögðu	7
<b>3.0 Ferðamenn innan þjóðgarðs og á áhrifasvæði hans 2003</b>	<b>8</b>
3.1 Ferðamenn á þjóðgarðssvæðinu	8
3.2 Ferðamenn á áhrifasvæði þjóðgarðsins	10
<b>4.0 Áhrif þjóðgarðs árið 2012</b>	<b>13</b>
4.1 Ísland	13
4.2 Norðaustur- og Austurland	14
4.3 Suðurland	15
4.4 Helstu áhrifasvæðin samanlagt	16
4.5 Innan þjóðgarðsmarka	18
4.6 Stór Vatnajökulspjóðgarður	18
<b>5.0 Lokaorð</b>	<b>19</b>

## Viðaukar

1. Álit á þjóðgarði norðan Vatnajökuls
2. Gildi hálandisins fyrir ferðaþjónustu og útivist
3. Álit Íslendinga á uppbyggingu helstu hálandisvega



## Samantekt

Gert er ráð fyrir að 10.500 km<sup>2</sup> þjóðgarður norðan Vatnajökuls geti fjölgað ferðamönnum til Íslands að lágmarki um 1,5-2% árið 2012, umfram það sem annars hefði verið, eða um 10-13 þúsund manns og gistinóttum um 120-150 þúsund. Samkvæmt því má áætla að þjóðgarðurinn myndi skila 1,2-1,5 milljörðum króna í viðbótar gjaldeyrstekjur árið 2012 (á núvirði), um tveimur þriðju vegna útgjalda ferðamanna innanlands en þriðjungu vegna flugfargjalda. Auk þess má áætla að viðbótar gjaldeyrstekjur af ferðamönnum á uppbyggingartíma þjóðgarðsins á árunum 2005 til 2012 verði talinn í milljörðum króna. Er þá ótalinn tíminn eftir 2012. Væri þjóðgarður norðan Vatnajökuls þegar orðinn að veruleika hefði það, miðað við þessar forsendur, þýtt 6-800 milljónir í auknar gjaldeyrstekjur af erlendum ferðamönnum árið 2003.

Helsta áhrifasvæðið þjóðgarðs norðan Vatnajökuls spannar annars vegar Eyjafjarðarsýslu, Þingeyjarsýslur og Múlasýslur en hins vegar Árnes-og Rangárvallsýslur. Líkur eru taldar á að þjóðgarður norðan Vatnajökuls muni auka útgjöld erlendra ferðamanna á þessum svæðum um nálega 500 milljónir króna miðað við árið 2012 (á núvirði) og útgjöld Íslendinga um nær 190 milljónir.

Samkvæmt nýlegum könnunum má áætla að tæplega 120 þúsund innlendir og erlendir ferðamenn hafi komið á svæðið innan væntanlegs þjóðgarðs árið 2003, í talsvert fleiri heimsóknum, langflestir í þjóðgarðinn Jökulsárgljúfrum. Miðað við að fremur lítið verði aðhafst til að bæta þjónustuna má áætla að 170-180 þúsund ferðamenn muni koma á svæðið árið 2012 en hins vegar 200-220 þúsund ferðamenn ef þjóðgarðurinn verður að veruleika. Þannig er mögulegt og varlega áætlað að ferðamenn á væntanlegu þjóðgarðssvæði verði 30-40 þúsund fleiri árið 2012 ef af stofnun þjóðgarðs verður. Gera má ráð fyrir hlutfallslega meiri fjölgun ferðamanna á hálendishlutum þjóðgarðsins en í byggð, vegna meiri uppbyggingar þar frá því sem verið hefur. Ef ekki verður af stofnun þjóðgarðs með tilheyrandi uppbyggingu er líklegt að gistinóttum innan væntanlegra þjóðgarðsmarka fjölgi hægt, einkum á hálendinu. Hins vegar gætu gistinætur innan þjóðgarðsins hugsanlega orðið um 50 þúsund fleiri árið 2012 með tilkomu hans en ella hefði verið, lauslega áætlað 140-150 þúsund í stað 90-100 þúsund.

Ef stór og vel skipulagður Vatnajökulsþjóðgarður verður að veruleika, þar sem einnig verða með þrjú þjóðgarðssvæði sunnan og austan jökulsins, og ef hann kemst á heimsminjaskrá UNESCO, eins og margt bendir til að geti orðið, verða áhrif hans mun meiri á komur ferðamanna til landsins en af þjóðgarði norðan Vatnajökuls. Miðað við spá um 5% aukningu á komum ferðamanna árið 2012 vegna stærsta þjóðgarðs í Evrópu, sem telja má raunhæft, gæti það þýtt um 32 þúsund nýja ferðamenn, 400 þúsund gistinætur þeirra og 4 milljarða í auknar gjaldeyrstekjur. Ef slíkur þjóðgarður væri orðinn að veruleika nú gæti hann að sama skapi þýtt að gjaldeyrstekjur Íslendinga af ferðamönnum á síðastliðnu ári hefðu verið um 2 milljörðum meiri en þær voru í raun.





## 1.0 Inngangur

### 1.1 Verkefnið

Nefnd á vegum Umhverfissráðuneytisins leggur til að norðan Vatnajökuls verði stofnaður um 10.500 ferkílómetra stór þjóðgarður er skiptist í eftirtalin þrjú þjóðgarðssvæði:<sup>1</sup>

Stækkaður þjóðgarður í Jökulsárgljúfrum; stærð um 500 km<sup>2</sup> (er nú 120 km<sup>2</sup>)

Þjóðgarður á eystra gosbeltinu; stærð um 9.000 km<sup>2</sup>

Þjóðgarður á Snæfellsöræfum og Vesturöræfum; stærð um 1.000 km<sup>2</sup>

Í tengslum við stofnun þjóðgarðs norðan Vatnajökuls leggur nefndin til umtalsverða uppbyggingu á þjónustu fyrir ferðamenn, bæði í nágrenni þjóðgarðsins og innan hans, til að tryggja sem mest áhrif á ferðaþjónustu og eflingu byggðar í nágrenninu. Þannig leggur nefndin til uppbyggingu á þjónustumiðstöðvum í byggð, miðstöðvum nærri jaðri þjóðgarðsins, svæðismiðstöðvum innan hans, skálasvæðum og gönguskálum, auknum merkingum gönguleiða og gerð göngubrúa á vatnsföll. Áætlaður kostnaður við þessa uppbyggingu er áætlaður 560 milljónir króna á núvirði. Þá telur nefndin brýnt að tryggja lágmarkslagfæringar á vegum innan þjóðgarðsins sem flesta þarf hvort sem er að lagfæra. Gert er ráð fyrir að uppbygging þjóðgarðsins standi frá árinu 2005 til 2012.

Helsta nýjungin í þessum hugmyndum er stórt þjóðgarðssvæði á eystra gosbeltinu, sem ekki einungis mun ná yfir stórt landsvæði norðan Vatnajökuls, vestan Kreppu og Þríhyrningsfjallgarðs, heldur einnig með vesturjaðri jökulsins suður í Jökulheima. Þannig mun sá hluti þjóðgarðsins styrkja ferðaþjónustu bæði norðan lands og sunnan. Auk þess er lagt til að annar þjóðgarðshluti verði á Snæfellsöræfum og Vesturöræfum, sem einkum styður ferðaþjónustu á Héraði og Austfjörðum. Að lokum verði þjóðgarðurinn í Jökulsárgljúfrum fjórfaldaður að stærð, er styrkja mun ferðaþjónustu í Þingeyjarsýslum en einnig í Eyjafirði. Þjóðgarðurinn allur mun síðan efla ferðaþjónustu á Íslandi. Til einföldunar verða eftirtalin heiti notuð um þjóðgarðshlutana þrjá í þessari greinargerð: *Jökulsárþjóðgarður, Eldfjallaþjóðgarður og Snæfellsþjóðgarður.*

Þá er í umfjöllun nefndarinnar minnst á hugmyndir Vegagerðarinnar um breytta legu Sprengisandsvegur austan Skjálfandafljóts, nýja brú á Skjálfandafljót neðan Aldeyjarfoss, góðan veg að Brúarjökli suður af Snæfelli og frá Hrauneyjum að Jökulheimum, syðst í þjóðgarðinum.

Undirrituðum var falið að meta hugsanleg áhrif af tillögum nefndarinnar um þjóðgarð norðan Vatnajökuls á ferðaþjónustu á Íslandi, ferðaþjónustu í nágrenni þjóðgarðsins og innan hans.

---

<sup>1</sup>. Stærð þjóðgarðsins er því rétt um 10% af flatarmáli Íslands.

## 1.2 Greinargerðin

Í þessari greinargerð er helsta áhrifasvæði þjóðgarðs norðan Vatnajökuls skilgreint sem Eyjafjarðarsýsla, Þingeyjarsýslur, Múlasýslur og þ.m.t. hálendissvæði þeirra. Þá eru Árnessýsla og Rangárvallasýsla ótvírætt á áhrifasvæði syðsta hluta þjóðgarðsins, þar sem hann teygir sig til Jökulheima, með góðu aðgengi að Vatnajökli vestanverðum. Í þessari greinargerð verður sjónum þó einkum beint að áhrifum þjóðgarðsins, með tilheyrandi þjónustuuppbyggingu, á ferðaþjónustu á Norðaustur- og Austurlandi, en auk þess komið inn á möguleg áhrif hans á ferðaþjónustu á Suður- og Suðvesturlandi.

Við skilgreiningu á helsta áhrifasvæði þjóðgarðs norðan Vatnajökuls er miðað við að ferðamenn og íbúar í áður nefndum sýslum geti með góðu móti notið einstæðra náttúruferðabæra, útivistar, skipulagðrar afþreyingar og þjónustu innan þjóðgarðs-markanna í dagsferðum. Þannig munu t.d. ferðamenn á Djúpavogi auðveldlega geta notið Snæfellsþjóðgarðs í dagsferð og sömuleiðis geta ferðamenn eða íbúar í Eyjafirði notið þjóðgarðs í Jökulsárgljúfrum í dagsferðum og Eldfjallaþjóðgarðsins að hluta. Þá verður auðvelt fyrir fólk í Árnes- eða Rangárvallasýslum að njóta jöklaferða út frá Jökulheimum ef tillögur nefndarinnar verða að veruleika. Einnig gæti fólk á Suðurnesjum og á höfuðborgarsvæðinu farið þangað í dagsferðum

Þessi greinargerð skiptist í þrjú meginkafla auk inngangs (1. kafli). Í 2. kafla er staðan í ferðaþjónustu á landsvísi metin með því að áætla fjölda erlendra og innlendra ferðamanna á Íslandi árið 2003, gistinætur þeirra og útgjöld. Í 3. kafla er sett fram áætlun um fjölda ferðamanna á þjóðgarðssvæðinu og helsta áhrifasvæði hans. Í 4. kafla er síðan horft til framtíðar og sett fram spá um mögulegan fjölda ferðamanna á Íslandi, í þjóðgarði norðan Vatnajökuls og á áhrifasvæði hans árið 2012. Jafnframt eru settar fram hugmyndir um efnahagslegt gildi þjóðgarðsins fyrir Ísland og áhrifasvæði hans árið 2012, og þá gengið út frá því að helstu tillögur nefndarinnar um uppbyggingu nái fram að ganga.

Þjóðgarður norðan Vatnajökuls verður hluti af Vatnajökulsþjóðgarði og gerir nefndin tillögur um að Vatnajökull, svæðið norðan jökulsins og önnur svæði sunnan og austan hans sem hafa sterk tengsl við jökulinn myndi öll einn þjóðgarð. Það yrði stærsti þjóðgarður í Evrópu. Ef af verður má reikna með að sá þjóðgarður hefði enn jákvæðari áhrif á viðhorf erlendra ferðaskrifstofa og ferðamanna til Íslands sem ferðamannalands en þjóðgarður norðan Vatnajökuls einn og sér.

Þeim spám og hugmyndum sem hér eru settar fram ber að taka með fyrirvara þar sem þær byggja á tilteknum forsendum. Hins vegar hefur verið leitast við að draga varfærnar ályktanir á grundvelli þeirra. Nánari gagnaöflunar og rannsókna er þörf til að áætla nákvæmar áhrif þessara þjóðgarðstillagna á íslenska ferðaþjónustu.

## 2.0 Fjöldi, gistinætur og útgjöld ferðamanna á Íslandi 2003 og spá um þróunina

### 2.1 Erlendir ferðamenn

Um 320 þúsund erlendir ferðamenn komu til Íslands árið 2003 og voru gjaldeyrstekjur af þeim, samkvæmt tölum Seðlabankans, rúmlega 37 milljarðar króna eða um 13,1% af öllum gjaldeyrstekjum Íslendinga. Þar af voru rúmlega 24 milljarðar (65%) vegna útgjalda ferðamanna innanlands en 13 milljarðar (35%) vegna flugfargjalda.

Samkvæmt könnunum gistu 160 þúsund erlendir ferðamenn að jafnaði rúmlega 10 nætur á Íslandi í júní, júlí og ágúst 2003. Ámóta margir ferðamenn komu á öðrum tímum ársins og gistu hér tæplega 5 nætur að jafnaði. Þannig má áætla að erlendir ferðamenn hafi dvalið um 2,4 milljónir náttu hérlendis árið 2003; um 1.650 þúsund nætur sumarmánudaginn þrjú en um 750 þúsund nætur á öðrum tímum ársins. Miðað við 24 milljarða útgjöld erlendra ferðamanna hérlendis árið 2003 voru meðalútgjöld þeirra því um 10 þúsund krónur á gistinótt.

Árið 2000 komu 45 milljónir ferðamanna til Norður-Evrópu, sem Ísland tilheyrir samkvæmt skilgreiningu World Tourism Organisation (WTO) <sup>2</sup>. Stofnunin spáir að ferðamönnum til Norður-Evrópu muni fjölga að jafnaði um 3,9% á ári til 2020 og verði þá 97 milljónir. <sup>3</sup>

Sé fjöldi ferðamanna til Íslands frá árinu 1985 til 2000 borinn saman við fjölda ferðamanna til Norður-Evrópu kemur í ljós að við höfum aukið hlutdeild okkar úr 0,40% í 0,68% á tímabilinu eða um 70%. Miðað við þá þróun má færa rök fyrir því að áætlun um 630 þúsund ferðamenn til Íslands árið 2012 og eina milljón árið 2020 sé vel raunhæf. Er þá miðað við 6% árlega meðalfjölgun ferðamanna til Íslands sem er talsvert lægra en verið hefur síðastliðin 20 ár.

**1. tafla Fjöldi ferðamanna til Norður-Evrópu og Íslands 1985-2000 og spá um þróunina til 2020 (milljónir)**

Ár	Norður Evrópa	Ísland	Hluttur Íslands
1985	24,2	0,097	0,40%
1990	29,1	0,142	0,49%
1995	37,6	0,178	0,47%
2000	44,8	0,303	0,68%
2010	65,1	0,542	0,83%
2012	70,3	0,632	0,90%
2020	96,6	0,971	1,00%

WTO/Rögnvaldur Guðmundsson 2004

<sup>2</sup>. Norðurlöndin, Stóra-Bretland og Írland tilheyra Norður-Evrópu, samkvæmt skilgreiningu WTO.

<sup>3</sup>. Heimild: World Tourism Organization (WTO). „Tourism 2020 Vision - Europe, WTO 2000“.

Þetta þýðir að erlendir ferðamenn sem leggja leið sína til Íslands árið 2012, þegar uppbyggingu þjóðgarðs norðan Vatnajökuls lýkur, verða tvöfalt fleiri en árið 2003. Gjaldeyrstekjur Íslendinga af ferðamönnum árið 2012 gætu þá verið 59-67 milljarðar króna á núvirði, 40-45 milljarðar vegna útgjalda innanlands og 19-22 milljarðar vegna flugfargjalda. Að teknu tilliti til allra margfeldisáhrifa gæti velta af útgjöldum þeirra skilað 160-180 milljarða króna umsvifum í þjóðarþúð.<sup>4</sup>

Gert er ráð fyrir að meðaldvöl erlendra ferðamanna, á ársgrundvelli, styttest úr 7,5 nóttum árið 2003 í 7,0 nætur árið 2012 og gistinætur þeirra á Íslandi verði þá 4,4 milljónir, 83% fleiri en árið 2003.

## 2.2 Innlendir ferðamenn

Kannanir RRF benda til að um 85% Íslendinga hafi að jafnaði dvalið 15-17 nætur á ferðalögum innanlands árið 2003, alls 3,7 til 4,2 milljónir gistinátta (orlof, heimsóknir, vinna, íþróttir o.s.frv.). Eru þá öll form gistingar meðtalin, s.s. gisting hjá vinum og kunningjum, í eigin sumarhúsum eða orlofshúsum stéttarféлага.<sup>5</sup> Hér verður miðað við að gistinætur Íslendinga á ferðum innanlands hafi verið um 4 milljónir árið 2003.<sup>6</sup>

Kannanir benda einnig til að útgjöld Íslendinga á ferðum innanlands séu að jafnaði 3-4 þúsund krónur á sólarhring, alls 12-16 milljarðar árið 2003. Þess utan námu heildarútgjöld Íslendinga í dagsferðum utan hversdagsumhverfis líklega 2-3 milljörðum króna.

Ef miðað er við að Íslendingum fjölgi um 8% fram til 2012 og gistinóttum þeirra sem því nemur verða þær um 4,3 milljónir. Gætu þó vel orðið um 4,5 milljónir, haldi ferðalög Íslendinga innanlands áfram að aukast sem margt bendir til, s.s. vegna bætts vegakerfis, aukins frítíma og sumarhúsaeygnar. Hér verður miðað við að gistinætur Íslendinga innanlands verði 4,4 milljónir árið 2012 og fjölgi um 10% frá árinu 2003. Heildarútgjöld

<sup>4</sup>. Í nýlegri samantekt Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands fyrir Samgönguráðuneytið er áætlað að 23 milljarða króna útgjöld erlendra ferðamanna á Íslandi árið 2002 (fargjöld ekki meðtalin) hafi skilað um 92 milljarða króna heildarumsvifum í íslenskt þjóðarþúð. Samkvæmt þessum niðurstöðum má fjórfalda bein útgjöld erlendra ferðamanna hér á landi til að áætla heildaráhrif þeirra í hagkerfinu.

Heimild: „Flug og ferðaþjónusta á Íslandi: Umfjöllum í tilefni af beiðni Ryanair um lækkan gjalda á Keflavíkurlugvelli“, Hagfræðistofnun Háskóla Íslands 2003.

<sup>5</sup>. Í könnun Hagstofunnar, „Ferðavenjur Íslendinga 1996“, voru gistinætur Íslendinga 0-74 ára á ferðum innanlands það ár áætlaðar um 3,3 milljónir talsins. Þar voru ekki meðtaldar gistinætur fólks eldra en 74 ára. Þannig má lauslega áætla að gistinætur allra Íslendinga á ferðum innanlands hafi verið nálægt 3,5 milljónum árið 1996. Frá 1996 til 2003 hafa ferðalög Íslendinga innanlands aukist umtalsvert m.a. vegna aukinnar sumarhúsa-, fellihúsa- og jeppaeignar, auk þess sem landsmönnum fjölgaði um 7-8% á þessu árabili. Hins vegar nær hin hefðbundna gistináttatalning Hagstofunnar ekki yfir nema brot af öllum gistinóttum Íslendinga á ferð um landið, m.a. sökum þess hve stór hluti þeirra er í eigin sumarhúsum eða hjá vinum og kunningjum.

<sup>6</sup>. Kannanir RRF benda jafnframt til að um fjórðungur af gistinóttum Íslendinga árið 2003 hafi verið í eigin sumarhúsi, nálægt 1 milljón gistinátta. Þannig gistu um fjórðungur af þátttakendum í símakönnun RRF í eigin sumarhúsi árið 2003 að jafnaði í 15-16 nætur.

Íslendinga á ferðum innanlands árið 2012 verða samkvæmt því 16-21 milljarðar króna (að núvirði).

## 2.3 Að öllu samanlögðu

Alls eru gistinætur erlendra og innlendra ferðamanna á Íslandi áætlaðar 6,4 milljónir árið 2003 og bein útgjöld þeirra á ferðalögum innanlands 38-43 milljarðar, séu dagsferðir Íslendinga meðtaldar. Íslendingar stóðu samkvæmt því fyrir rúmlega 60% af gistinóttum ferðamanna á Íslandi og nálægt 40% af útgjöldum þeirra árið 2003. Þessu var öfugt farið með erlenda ferðamenn sem stóðu fyrir um 40% af gistinóttum en 60% af útgjöldum ferðamanna hérlendis.

Samkvæmt áðursögðu, og þeim forsendum sem hér eru lagðar til grundvallar, er áætlað að gistinætur ferðamanna á Íslandi verði um 8,8 milljónir árið 2012, jafnt skipt á milli Íslendinga og erlendra ferðamanna. Bein útgjöld vegna innanlandsferða verði þá 56-66 milljarðar króna, þar af 68-72% meðal erlendra ferðamanna en 28-32% meðal Íslendinga. Heildaráhrif þeirra útgjalda á íslenska hagkerfið gætu þá verið 220-260 milljarðar króna (miðað við núvirði). Þar við bætast áhrif af 19-22 milljarða fargjaldatekjum vegna erlendra ferðamanna til Íslands.

## 3.0 Ferðamenn innan þjóðgarðs og á áhrifasvæði hans 2003

### 3.1 Ferðamenn á þjóðgarðssvæðinu

Samkvæmt könnunum RRF má áætla að árið 2003 hafi 115-125 þúsund ferðamenn komið á umrætt þjóðgarðssvæði norðan Vatnajökuls í 130-140 þúsund heimsóknum. Svo virðist sem 85-90% þeirra hafi komið í þjóðgarðinn í Jökulsárgljúfrum, 20-25% í Eldfjalla-þjóðgarðinn og 15-20% í Snæfellsþjóðgarð. <sup>7</sup>

Líklega voru um tveir þriðju þeirra sem komu á þjóðgarðssvæðið erlendir ferðamenn en um þriðjungur Íslendingar. <sup>8</sup>

**2. tafla**                      **Áætlaður fjöldi ferðamanna á þjóðgarðssvæðinu norðan Vatnajökuls og stöðum innan þess árið 2003**

<i>þúsund manns</i>	<b>ÍSLENDINGAR</b>	<b>ÚTLENDINGAR</b>	<b>ALLS</b>
<b>ALLS</b>	<b>40</b>	<b>78</b>	<b>118</b>
<b>Jökulsárþjóðgarður</b> <sup>9</sup>	<b>32</b>	<b>73</b>	<b>105</b>
Dettifoss	19	68	87
Ásbyrgi	29	38	67
<b>Eldfjallaþjóðgarður</b>	<b>12</b>	<b>17</b>	<b>29</b>
Herðubreiðarlindir	10	14	24
Askja	10	17	27
Kverkfjöll	6	6	12
<b>Snæfellsþjóðgarður</b>	<b>11</b>	<b>9</b>	<b>20</b>
Snæfells­svæðið	11	9	20

Kannanir benda jafnframt til að fjöldi ferðamanna í þjóðgarðinum í Jökulsárgljúfrum og á eystra gosbeltinu (Herðubreiðarlindir, Askja, Kverkfjöll) hafi haldist nokkuð svipaður frá árinu 2001, sem þýðir í raun að svæðið er að tapa hlutdeild miðað við þá fjölgun erlendra ferðamanna sem á sér stað. Hins vegar hefur ferðamönnum fjölgað talsvert á Snæfells-

<sup>7</sup>. Hér eru ferðamenn að Dimmugljúfrum/Kárahnjúkum ekki meðtaldir, en Íslendingum sem lögðu leið sína þangað fjölgaði verulega frá árinu 2002 með tilkomu Kárahnjúkavegar, sem liggur utan þjóðgarðsmarkanna. Kannanir benda þó ekki til að þessi aukna umferð hafi skilað sér í aukinni gistingu í Múlasýslum eða lengri viðdvöl ferðamanna þar.

Ekki hafa verið gerðar kannanir til að áætla á fjölda ferðamanna sem leggja leið sína í Jökulheima.

<sup>8</sup>. Það vegur nokkuð á móti að hluti Íslendinga kom þangað oftar en einu sinni. Heimsóknir þeirra í þjóðgarðinn voru því líklega 50-55 þúsund.

<sup>9</sup>. Hér er ekki reiknað með ferðamönnum sem koma með skemmtiferðaskipum til Akureyrar og fara í þjóðgarðinn í Jökulsárgljúfrum en væntanlega skipta þeir þúsundum.

svæðinu frá árinu 2000, miðað við kannanir RRF, enda hefur svæðið verið mikið í umræðunni vegna virkjunaráforma við Eyjabakka og síðar Kárahnjúka. Ólíklegt verður að telja að sú þróun haldi lengi áfram nema bætt þjónusta við ferðamenn á svæðinu fylgi í kjölfarið, s.s. stofnun Snæfellsþjóðgarðs og viðunandi uppbygging honum tengd.

Erfiðara er að áætla gistinætur ferðamanna á væntanlegu þjóðgarðssvæði. Samkvæmt símakönnun meðal Íslendinga má áætla gistinætur þeirra í þjóðgarðinum Jökulsár-gljúfrum nálægt 20 þúsund, sem er talsvert herra en tölur þjóðgarðsins segja til um (um 12 þúsund, en þá eru börn eitthvað vantalin). Auk þess er áætlað að gistinætur útlendinga hafi þar verið um 6 þúsund á síðasta ári.

Erlendir ferðamenn tilgreina gistingu sína á austanverðu hálendinu, sem spannar svæðið norðan og norðaustan Vatnajökuls, auk Nýjadals og Laugafells á Sprengisandsleið. Samkvæmt þeim niðurstöðum má áætla gistinætur erlendra ferðamanna á austurhluta hálendisins í kringum 30 þúsund árið 2003, mest innan væntanlegra þjóðgarðsmarka. Minna er vitað um gistinætur Íslendinga á þessu svæði, þar sem slíkt hefur ekki verið kannað, en þær gætu verið 10-20 þúsund talsins.<sup>10</sup>



*Dettifoss*

Að öllu samanlögðu má lauslega áætla að gistinætur innan þjóðgarðsmarkanna hafi verið 55-70 þúsund árið 2003, nokkuð jafnt skipt milli Íslendinga og erlendra ferðamanna, og að um 60% þeirra hafi verið á hálendinu en 40% í byggð. Þessum áætlunum ber þó að taka með fyrirvara.

---

<sup>10</sup>. Þeir erlendu sumarferðamenn sem heimsóttu staði innan þjóðgarðsmarkanna árið 2003 dvöldu að jafnaði 15 nætur á Íslandi. Meðaldvöl erlendra sumarferðamanna hálendis er hins vegar rúmlega 10 nætur.

## 2.2 Ferðamenn á áhrifasvæði þjóðgarðsins

### Áhrifasvæði á hálendinu

Áhrifasvæði þjóðgarðs norðan Vatnajökuls nær yfir mun stærri hluta hálendisins en sem liggur innan væntanlegra þjóðgarðsmarka. Þannig er Sprengisandsvegur í næsta nágrenni þjóðgarðsins, og mun verða alveg við vesturjaðar hans, ef legu vegarins verður breytt austur yfir Skjálfandafljót. Sömu leiðis liggur áningarstaðurinn Laugafell skammt undan. Veiðivötn, Landmannalaugar, Fjallabaksleið nyrðri og miðstöðin í Hrauneyjum eru einnig fremur stutt frá suðurjaðri þjóðgarðsins og því ótvírætt á áhrifasvæði hans.

Súluritið á næstu síðu sýnir hlutfall ferðamanna sem komu að ýmsum stöðum eða fóru um akstursleiðir innan væntanlegra þjóðgarðsmarka og á áhrifasvæði væntanlegs þjóðgarðs á hálendinu (samkv. könnunum RRF).<sup>11</sup>

Samkvæmt því lögðu 53% erlendra ferðamanna leið sína um hálendið (Þórsörk meðtalin) sumarið 2003 og 29% Íslendinga fóru þar um á liðnu ári.<sup>12</sup> Af stöðum á áhrifasvæði þjóðgarðsins fóru erlendir ferðamenn langmest í Landmannalaugar (31%), þrefalt meira en um Fjallabak nyrðra, Sprengisandsleið, Öskju eða Herðubreiðarlindir. Íslendingar komu helst í Landmannalaugar (10%), en síðan að Dimmugljúfrum, yfir Sprengisand og um Fjallabak nyrðra.




Í Kverkfjöllum

<sup>11</sup>. Ekki eru til upplýsingar úr könnunum um komur erlendra ferðamanna að jafn mörgum stöðum á hálendinu og meðal Íslendinga. Þar koma því ekki fram neinar súlur fyrir erlendu ferðamennina.

<sup>12</sup>. Kannanir benda til að um þriðjungur þeirra 320 þúsund erlendu ferðamanna sem komu til Íslands með flugi eða ferju árið 2003 hafi farið eitthvað upp á hálendið, alls 105-110 þúsund manns; 50-55% þeirra sem komu hingað að sumarlagi en 12-15% þeirra sem komu utan sumartíma.



## 1. súlurit Hlutfall ferðamanna á hálendinu; stöðum og ferðaleiðum innan þjóðgarðsmarka og í nágrenni þjóðgarðsins



### Eyjafjarðarsýsla, Þingeyjarsýslur og Múlasýslur

Kannanir benda til að nálægt 60% Íslendinga hafi komið á áhrifasvæði þjóðgarðsins á norðaustan- og austanverðu landinu árið 2003; Eyjafjarðarsýslu, Þingeyjarsýslur eða Múlasýslur. Jafnframt að nær 50% Íslendinga hafi gist þar um 7 nætur að jafnaði, auk gistingar í eigin sumarhúsum. Alls má áætla að Íslendingar hafi gist í 800 þúsund til eina milljón nætur í þessum sýslum árið 2003, eða 20-25% af gistinóttum Íslendinga á ferðum innanlands.

Þá komu um 60% erlendra ferðamanna í könnun RRF í einhverjar af þessum sýslum sumarið 2003 og 55% gistu þar að jafnaði 4,4 nætur. Samkvæmt því má áætla að erlendir ferðamenn hafi gist þar í 390 þúsund gistinætur sumarið 2003, af alls 1650 þúsund gistinóttum, en hins vegar vart meira en 40-60 þúsund nætur utan sumartíma. Samkvæmt því má áætla að 18% af gistinóttum erlendra ferðamanna á Íslandi árið 2003 hafi verið í byggðum Eyjafjarðar-, Þingeyjar- og Múlasýslum en um 20% gistináttanna ef hálendissvæði sýslanna eru meðtalin.

Alls má því áætla gistinætur í Eyjafjarðar-, Þingeyjar- og Múlasýslum 1,2-1,4 milljónir talsins árið 2003, eða 19-22% af öllum gistinóttum ferðamanna á Íslandi það ár (alls 6,4 milljónir).

## Árnessýsla og Rangárvallasýsla

Um 75% landsmanna lögðu leið sína í Árnessýslu eða Rangárvallasýslu árið 2003, helsta áhrifasvæði þjóðgarðsins á sunnanverðu landinu, samkvæmt könnun RRF og ríflega þriðjungur gistu þar í alls 1-1,2 milljónir gistinátta. Þar af voru langflestar gistinætur í uppsveitum Árnessýslu, enda státar svæðið af mestu sumarhúsabyggð á Íslandi.

Þá má áætla að erlendir ferðamenn hafi gist 350-400 þúsund nætur í Árnessýslu og Rangárvallasýslu á liðnu ári, 14-17% af gistinóttum erlendra ferðamanna hérlandis. Flest bendir til að a.m.k. fjórðungur þeirra gistinátta hafi verið á hálendi Rangárvallasýslu, mest í Landmannalaugum en einnig talsvert í Þórsmörk, og því tiltölulega stutt frá suðurjaðri þjóðgarðsins við Jökulheima.

Alls má áætla gistinætur í Árnessýslu og Rangárvallasýslu 1,4-1,6 milljónir árið 2003 eða 22-25% af öllum gistinóttum ferðamanna á Íslandi.

## 4.0 Áhrif þjóðgarðs árið 2012

### 4.1 Ísland

Hér verður gert ráð fyrir að þjóðgarður norðan Vatnajökuls, miðað við þá uppbyggingu sem nefndin leggur til, geti fjölgað ferðamönnum til Íslands að lágmarki um 1,5-2% árið 2012, umfram það sem annars hefði verið, eða um 10-13 þúsund manns og gistinóttum um 120-150 þúsund. Samkvæmt því má áætla að þjóðgarðurinn myndi skila 1,2-1,5 milljörðum króna í viðbótar gjaldeyrstekjur árið 2012 (á núvirði), um tveimur þriðju vegna útgjalda ferðamanna innanlands en þriðjungu vegna flugfargjalda. Auk þess má áætla að viðbótar gjaldeyrstekjur af ferðamönnum á uppbyggingartíma þjóðgarðsins, á árunum 2005 til 2012, verði talinn í milljörðum króna. Er þá ótalinn tíminn eftir 2012. Væri þjóðgarður norðan Vatnajökuls þegar orðinn að veruleika hefði það, miðað við þessar forsendur, þýtt 6-800 milljónir í auknar gjaldeyrstekjur af erlendum ferðamönnum árið 2003.

Þessi spá byggir m.a á jákvæðum viðhorfum ferðamanna, bæði innlendra og erlendra, til þjóðgarðsstofnunar norðan Vatnajökuls og reyndar víðar á Íslandi (sbr. viðauka 1). Jafnframt er vitað að eitt helsta aðdráttarafl Íslands fyrir erlenda ferðamenn felst í lítt snortinni náttúru óbyggða landsins (sbr. viðauka 2). Þá sækja hlufallslega fleiri erlendir ferðamenn en Íslendingar núverandi þjóðgarða heim. Hugmyndir nefndarinnar um gönguleiðanet á milli þjónustustaða og gerð göngubrúa er síðan, samkvæmt könnunum, afar mikilvægur liður í að tryggja endurkomu ferðamanna á hálendið og á einstök svæði innan þess.

Gott skipulag og ákveðin lágmarksuppbygging og þjónusta á hálendinu er mikilvæg. Jafn mikilvægt er að ofskipuleggja ekki og gera skýran greinarmun á þjónustustigi á hálendinu sjálfu annars vegar og jaðarmiðstöðvum eða þjónustumiðstöðvum í byggð hins vegar. Flestir ferðamenn vilja að þjónusta á hálendinu sé með fremur einföldu sniði en þó þannig að einnig sé sums staðar mögulegt að gista í herbergi út af fyrir, ef fólk kys svo, en ekki eingöngu í skálum með fjölda fólks. Nauðsynlegustu matvæli þarf einnig að vera hægt að versla á helstu þjónustustöðum á hálendinu og eldsneyti þarf að fást á fáeinum stöðum.

Hvað hálendisvegi varðar eru ferðamenn fremur íhaldssamir. Samkvæmt nýlegum könnunum RRF er meirihluti Íslendinga t.d. hlynntur því að vegurinn um Sprengisand verði lagfærður en tæplega þriðjungur vill að þar verði gerður fyrsta flokks uppbyggður, fullbrúaður og slitlagður vegur. Fleiri eru á þeirri skoðun að Sprengisandsveg eigi að lagfæra sem malarveg og brúa helstu vatnsföll á leiðinni (sjá viðauka 3). Athygli vekur að þeir sem hafa farið um viðkomandi hálendisleiðir eru mun íhaldssamari, og vilja minni breytingar, en þeir sem ekki hafa arið þær. Þannig virðist textinn í „Öræfaferð“ Dr. Sigurðar Þórarinssonar enn í fullu gildi meðal þorra Íslendinga. Hálendisferð/öræfaferð á að vera nokkurt ævintýri, öðruvísi en ferðir um láglandið, örlítið hættuleg og erfið. Ferð sem er þess virði að segja frá þegar heim er komið.

## 4.2 Norðaustur- og Austurland

Ef ekki verður ráðist í úrbætur á þjónustu við ferðamenn á hálendinu norðan Vatnajökuls mun svæðið halda áfram að tapa hlutdeild í komum ferðamanna eins og gerst hefur á síðustu árum. Nokkur aukning hefur hins vegar verið í komum ferðamanna á Snæfells svæðið, líklega mest vegna umfjöllunar um virkjanir en sem vart mun halda áfram lengi án þess að bætt aðstaða fylgi í kjölfarið. Fyrirséð er að gistinóttum á hálendissvæði þjóðgarðsins muni fjölga mun hægar en á landsvísu nema til komi veruleg uppbygging á gistiáðstöðu og annarri þjónustu. Einkum á það við um hálendið á eystra gosbeltinu sem liggur fjærst byggð. Líklegra má telja að þjóðgarðurinn í Jökulsárgljúfrum nái að halda sínum hlut enda auðveldara um vik að bæta þar aðstöðuna.



*Eyjabakkar á Snæfellsöræfum*

Svipuð þróun hefur átt sér stað á láglandi Norðaustur- og Austurlands og á hálendinu norðan Vatnajökuls; að hlutfall ferðamanna sem þangað leggur leið sína hefur verið að dala, einkum meðal útlendinga. Þannig benda kannanir til að 56-58% erlendra sumarferðamanna árið 1996 hafi lagt leið sína að Mývatni en 50-52% árið 2003. Hins vegar hefur Húsavík verið undantekning frá þessari þróun, og má það fyrst og fremst þakka öflugri uppbyggingu hvalaskoðunarfyrirtækja, Hvalamiðstöðvar og afleidda starfsemi. Sú uppbygging hefur þó ekki dugað til að fjölga hlutfallslega þeim ferðamönnum sem koma í Þingeyjarsýslur frá árinu 1996. Þá hefur orðið fjölgun á farþegum með Norrönu með tilkomu nýrrar ferju, úr um 7 þúsund farþegum árið 2002 í 10 þúsund árið 2003, og líklegt að þeim muni fjölga enn frekar á þessu ári.

Hér að framan var sú forsenda gefin að gistinóttum Íslendinga á ferðum innanlands myndi fjölga um 10% frá 2003 til 2012 og gistinóttum erlendra ferðamanna um 83%. Telja verður hæpið að sýslunum þremur; Eyjafjarðarsýslu, Þingeyjarsýslum og Múlasýslum takist að halda núverandi hlutdeild í gistinóttum erlendra ferðamanna fram til ársins

2012. Ástæður þess eru einkum mikil fjarlægð frá helsta innkomustað erlendra ferðamanna í Leifsstöð og þeirri staðreynd að dvöl ferðamanna hér á landi er heldur að styttest. Hins vegar má telja meiri líkur á að það takist að halda í horfinu hvað innlenda ferðamenn varðar, þar sem landsmenn sækja meira í gott veðurfar að sumarlagi, sem hefur verið einn helsti styrkleiki svæðisins, auk þess sem Akureyri nýtur vinsælda Íslendinga, einkum fjölskyldufólks.

Mikið þarf að koma til ef svæðinu á að takast að halda hlutdeild sinni í gistingum erlendra ferðamanna, s.s. stór og vel rekinn þjóðgarður norðan Vatnajökuls. Jafnframt gætu samgöngubætur er leiddu til þess að Sprengisandsvegur yrði fær 6-8 mánuði ársins eða stóraukið beint flug á Norðaustur- eða Austurland einnig skilað verulegum árangri til að viðhalda eða jafnvel auka hlutfallslega komur erlendra ferðamanna á svæðið í framtíðinni. Einstök áhugaverð tilboð ferðaþjónstuaðila munu tæpast hafa afgerandi áhrif á svæði í heild en geta haft umtalsverð jákvæð áhrif í einstökum sýslum, sbr. hvalaskoðunin á Húsavík. Þó verður áhugavert að sjá hvort nýja Baðmiðstöðin í Mývatnssveit megnar að fjölga þar ferðamönnum utan sumartíma eða hvort starfsemi Markaðsstofu Norðurlands skilar tilætluðum árangri í að fjölga ferðamönnum og gistinóttum þeirra norðan heiða.

### 4.3 Suðurland

Uppsveitir Árnessýslu eru helsta ferðamannasvæði landsins með Þingvelli, Geysi og Gullfoss sem helstu náttúruperlurnar og engin skipulögð skoðunarferð stenst "Gullna hringnum" snúning, nema þá ferðir í Bláa Lónið. Landmannalaugar eru helsti ferðamannastaður á hálendinu en Þórsmörk kemur næst. Laugarvatn er vinsælasti dvalarstaður Íslendinga á Suðurlandi en síðan koma Flúðir. Margir leggja einnig leið sína í Þjórsárdal. Um 40% sumarhúsa landsmanna eru í uppsveitum Árnessýslu og fer sífellt fjölgandi. Þá fer sumarhúsum einnig verulega fjölgandi í Rangárvallasýslu. Ferðaþjónusta í Árnes- og Rangárvallasýslum er því í sókn og allt bendir til að svo verði áfram, burtséð frá því hvort þjóðgarður norðan Vatnajökuls verður eða ekki. En þar eru jafnframt vandamál að taka á. Eitt þeirra er hvernig bregðast eigi við hinni miklu ásókn ferðamanna, aðallega erlendra, í Landmannalaugar. Uppbygging þar hefur ekki náð að halda í horfinu og stefnir í óefni. Þar mun gistinóttum því ekki fjölga margfalt fram til 2012 nema aðstaða verði verulega bætt. Er þá íhugunarefni hvort ekki beri að byggja upp á öðrum stað en nú, en þó í næsta nágrenni. Mögulegt er að uppbygging á nýju skálasvæði við Jökulheima gæti létt eitthvað álaginu af Landmannalaugum.

Það mun ótvírætt hafa jákvæð áhrif á ferðaþjónustu í Árnes- og Rangárvallasýslum ef bætt aðgengi skapast að Vatnajökli vestanverðum við Jökulheima og að þar verði góð þjónusta við ferðamenn, s.s. gisting, skipulagðar jöklaferðir, gönguferðir o.fl. Aðstaða við Jökulheima mun ýta undir dagsferðir ferðamanna af Suðurlandi inn að jökli og þar með fjölga gistinóttum þar eitthvað, auk þess að fjölga gistinóttum á hálendi Rangárvallasýslu.

#### 4.4 Helstu áhrifasvæðin samanlagt

Ef staðið verður að uppbyggingu þjóðgarðs norðan Vatnajökuls og þjónustu innan hans með svipuðum hætti og nefndin leggur til er ljóst að það mun hafa mjög jákvæð áhrif á ferðaþjónustu, bæði innan hans og í nágenninu.

Hér er gert ráð fyrir að þjóðgarðurinn verði byggður upp á 8 ára tímabili, frá 2005-2012, og að þeim tíma loknum verði þjónustan komin í það horf sem tillögur nefndarinnar gera ráð fyrir. Þá hafi verið varið 560 milljónum króna á núvirði til uppbyggingar á aðstöðu og þjónustu. Byggt hafi verið upp kerfi gönguleiða á milli áningarstaða og byggðar göngubrýr á ýmis vatnsföll innan þjóðgarðsins. Jafnframt hafi Vegagerðin varið nokkuð hundruð milljónum króna til brýnustu lagfæringa á vegum og slóðum innan þjóðgarðsins til að tryggja samgöngur á milli helstu þjónustustaða. Við það hafi opnunartími vega að jafnaði lengst um 2-4 vikur frá því sem nú er og þar með nýtingartími mannvirkjanna.

Í töflunum hér á eftir eru sett fram dæmi um möguleg áhrif þjóðgarðs norðan Vatnajökuls á gistinætur og útgjöld ferðamanna á helsta áhrifasvæði hans. Annars vegar á svæðinu frá Eyjafirði í Múlasýslur og hins vegar í Árnes- og Rangárvallasýslum.

Eftirfarandi forsendur eru gefnar hvað Íslendinga varðar:

- Með þjóðgarði norðan Vatnajökuls fjölgar gistinóttum Íslendinga á svæðinu frá Eyjafirði í Múlasýslur um 15% frá árinu 2003 til 2012, annars um 10%.
- Með þjóðgarði fjölgar gistinóttum Íslendinga í Árnes- og Rangárvallasýslum um 16,5% fram til 2012, annars um 15%.
- Hver gistinótt íslendinga er metin á 3 þúsund krónur.

**3. tafla** Möguleg áhrif þjóðgarðs norðan Vatnajökuls á gistinætur og útgjöld Íslendinga á áhrifasvæði hans árið 2012

	<b>Eyjafjarðar-, Þingeyjar- og Múlasýslur</b>	<b>Árnes- og Rangárvalla- sýslur</b>	<b>Samtals</b>
<b>Áætlaðar gistinætur</b>	<b>Þúsund</b>	<b>Þúsund</b>	<b>Þúsund</b>
2003	900	1.100	2.000
2012 þjóðgarður	1.035	1.282	2.317
2012 óbreytt staða	990	1.265	2.255
Viðbót vegna þjóðgarðs	45	17	62
<b>Áætluð útgjöld</b>	<b>Milljónir</b>	<b>Milljónir</b>	<b>Milljónir</b>
2003	2.700	3.300	6.000
2012 þjóðgarður	3.105	3.846	6.951
2012 óbreytt staða	2.970	3.795	6.765
Viðbót vegna þjóðgarðs	135	51	186

Samkvæmt þessu aukast útgjöld innlendra ferðamanna á áhrifasvæði þjóðgarðsins um 186 milljónir með tilkomu þjóðgarðs þegar miðað er við árið 2012, mest fyrir norðan og austan, 2,7% umfram það sem annars hefði verið.

Eftirfarandi forsendur eru gefnar hvað erlenda ferðamenn varðar:

- Með þjóðgarði fjölgar gistinóttum þeirra á svæðinu frá Eyjafirði í Múlasýslur um 83% fram til 2012, annars um 70%.
- Með þjóðgarði fjölgar gistinóttum erlendra ferðamanna í Árnes -og Rangárvalla-sýslum um 83% til 2012, annars um 80%.
- Hver gistinótt erlendra ferðamanna er metin á 7 þúsund krónur.<sup>13</sup>

#### 4. tafla Möguleg áhrif þjóðgarðs norðan Vatnajökuls á gistinætur og útgjöld erlendra ferðamanna á áhrifasvæði hans árið 2012

	Eyjafjarðar-, Þingeyjar- og Múlasýslur	Árnes- og Rangárvalla- sýslur	Samtals
<b>Áætlaðar gistinætur</b>	<b>Þúsund</b>	<b>Þúsund</b>	<b>Þúsund</b>
2003	440	375	815
2012 þjóðgarður	805	686	1.491
2012 óbreytt staða	748	673	1.421
Viðbót vegna þjóðgarðs	57	13	70
<b>Áætluð útgjöld</b>	<b>Milljónir</b>	<b>Milljónir</b>	<b>Milljónir</b>
2003	3.080	2.625	5.705
2012 þjóðgarður	5.635	4.802	10.437
2012 óbreytt staða	5.236	4.711	9.947
Viðbót vegna þjóðgarðs	399	91	490

Samkvæmt þessu aukast útgjöld erlendra ferðamanna á áhrifasvæði þjóðgarðsins árið 2012 um nær 500 milljónir með tilkomu hans, mest fyrir norðan og austan, eða 5% umfram það sem annars hefði verið.

Miðað við þessar spár verða útgjöld ferðamanna, innendra sem erlendra, á áhrifasvæði þjóðgarðsins nær 700 milljónum meiri á árinu 2012 en annars hefði verið og er þá einungis gert ráð fyrir lágmarksendurbótum á vegum innan þjóðgarðsins.<sup>14</sup>

Ef hugmyndir Vegagerðarinnar um verulega endurbættan veg um Sprengisand sem lægi austan Skjálfandafljóts mun það ótvírætt stuðla að umtalsverðri lengingu ferðamanna-

<sup>13</sup>. Hér er farið varlega í sakirnar og miðað við neðri mörk í báðum tilvikum. Vitað er að meðalútgjöld erlendra ferðamanna eru um 10 þúsund á gistinótt, en að þau eru nokkru lægri meðal almennra ferðamanna á landsbyggðinni en meðal fólks sem einkum dvelur á hótélum á höfðuðborgarsvæðinu eða meðal ráðstefnugesta, svo dæmi séu tekin. Vel má þó rökstyðja að hér sé full varlega farið og að miða ætti við a.m.k. 8 þúsund króna dagleg útgjöld erlendra ferðamanna. Ef það er gert verður „viðbót vegna þjóðgarðs“ árið 2012 um 560 milljónir í stað 490 milljóna.

<sup>14</sup>. Einfaldað samanburðardæmi um efnahagslegt gildi náttúruperla: A.m.k. 200 þúsund erlendir ferðamenn lögðu leið sína „Gullna hringinn“ árið 2003 og komu að Þingvöllum, Gullfossi og Geysi. Ef miðað er við að í þessa ferð hafi farið að jafnaði einn dagur, og nauðsyn á gistinótt í kjölfarið, námu útgjöld erlendra ferðamanna á Íslandi vegna þessarar hringferðar um 2 milljörðum króna á síðasta ári, miðað við 10 þúsund krónur á gistinótt, eða 1,4 milljörðum miðað við 7 þúsund krónur á gistinótt.

tímans á hálendishluta þjóðgarðsins, og þar með fjölga gistinóttum og auka tekjur enn frekar en hér var ráð fyrir gert.

Í töflunni er ekki reiknað með áhrifum þjóðgarðs á gistinætur og útgjöld ferðamanna í Reykjavík og nágrenni, þaðan sem dagsferðir austur í Vík í Mýrdal eða um Snæfellsnes eru daglegt brauð að sumarlagi. Að sama skapi verður ekki tiltökumál að skipuleggja dagsferð frá Reykjavík í Jökulheima, njóta þar upplifunar í og við jökulinn í nokkrar klukkustundir og fara sömu leið til baka. Þá má fara í dagferðir í Snæfellsþjóðgarð með því að fljúga á Egilsstaði eða í Eldfjallaþjóðgarðinn með flugi á Mývatn, svo dæmi séu tekin.

#### 4.5 Innan þjóðgarðsmarka

Áður var áætlað að fjöldi ferðamanna sem komu á svæðið innan væntanlegs þjóðgarðs norðan Vatnajökuls hefðu verið 118 þúsund árið 2003, þar af 78 þúsund erlendir ferðamenn en 40 þúsund Íslendingar.

Miðað við að fremur lítið verði aðhafst til að bæta þjónustuna má áætla að 170-180 þúsund ferðamenn muni koma á svæðið árið 2012, þar af um 75% erlendir ferðamenn. Hins vegar má búast við að 200-220 þúsund ferðamenn komi á svæðið ef þjóðgarðurinn verður að veruleika, líklega allt að 80% erlendir ferðamenn. Þannig er varlega áætlað að ferðamenn á væntanlegu þjóðgarðssvæði gætu orðið 30-40 þúsund fleiri árið 2012 ef af stofnun þjóðgarðs verður. Gera má ráð fyrir hlutfallslega meiri fjölgun ferðamanna á hálendishlutum þjóðgarðsins en í byggð, vegna meiri uppbyggingar þar frá því sem verið hefur.

Ef ekki verður af stofnun þjóðgarðs með tilheyrandi uppbyggingu er líklegt að gistinóttum innan væntanlegra þjóðgarðsmarka fjölgi hægt, einkum á hálendinu. Hins vegar gætu gistinætur innan þjóðgarðsins hugsanlega orðið um 50 þúsund fleiri árið 2012 með tilkomu hans en ella hefði verið, lauslega áætlað 140-150 þúsund í stað 90-100 þúsund.

#### 4.6 Stór Vatnajökulsþjóðgarður

Ef stór og vel skipulagður Vatnajökulsþjóðgarður verður að veruleika, þar sem einnig verða með þrjú þjóðgarðssvæði sunnan og austan jökulsins, og ef hann kemst á heimsminjaskrá UNESCO, eins og margt bendir til að geti orðið, verða áhrif hans mun meiri á komur ferðamanna til landsins en þjóðgarðs norðan Vatnajökuls.

Miðað við spá um 5% aukningu á komum ferðamanna árið 2012 vegna stærsta þjóðgarðs í Evrópu, sem telja má raunhæft, gæti það þýtt um 32 þúsund nýja ferðamenn, 400 þúsund gistinætur og 4 milljarða í auknar gjaldeyristekjur. Ef slíkur þjóðgarður væri orðinn að veruleika gæti hann að sama skapi þýtt að gjaldeyristekjur Íslendinga af ferðamönnum á síðastliðnu ári hefðu verið um 2 milljörðum meiri en þær voru í raun.



## 5.0 Lokaorð

Í þessari samantekt um möguleg áhrif þjóðgarðs norðan Vatnajökuls á ferðaþjónustu hefur verið farið varlega í sakirnar í öllum áætlunum um fjölgun gistingu og aukningu í útgjöldum ferðamanna sem gætu orðið honum samfara. Ef tillögur nefndar um uppbyggingu samfara þjóðgarðsstofnunarinnar ganga eftir eru talsverðar líkur á að efnahagsleg áhrif þjóðgarðsins verði mun meiri en hér hefur verið gefið í skyn. Ef síðan vegabætur, að vissu marki, fylgja í kjölfarið mun það lengja nýtingartíma mannvirkja á hálendissvæði þjóðgarðsins, sem er mjög mikilvægt til að fjármunir sem lagðir eru í byggingar og önnur mannvirki nýtist sem best.

Grundvöllur þess að þjóðgarður hafi sem jákvæðust áhrif á ferðaþjónustu og samfélög umhverfis hið verndaða svæði er að uppbygging hans og rekstur sé til fyrirmyndar. Ef ekki, er e.t.v. betur heima setið en af stað farið. Því er brýnt að hugsa stórt, stefna á myndarlega uppbyggingu og að nægt fé sé til rekstrar og miða þar við það sem best gerist erlendis. Slíkur framgangsmáti er líklegur til að skila sér margfalt til baka í tekjum af ferðamönnum sem heimsækja þjóðgarðinn.




**VIÐAUKAR**



## Álit á þjóðgarði norðan Vatnajökuls <sup>15</sup>

Kannanir hafa sýnt mikinn stuðning Íslendinga og erlendra ferðamanna við að stofna einn stærsta þjóðgarð Evrópu á hálendinu norðan og norðaustan Vatnajökuls. Í hálendiskönnun RRF sumarið 2000 var m.a. spurt um álit allra þátttakenda, einnig viðmiðunarhóps á láglendi, á mögulegri stofnun þjóðgarðs norðan Vatnajökuls. Var það gert í formi svohljóðandi fullyrðingar sem svarendur lýstu sig sammála, hlutlausu eða ósammála: „Það á að vinna að því að gera hálendið norðan Vatnajökuls að einum stærsta þjóðgarði Evrópu.“ Niðurstaðan var sú að 95% þeirra erlendu gesta sem afstöðu tóku og 81% Íslendinga voru sammála fullyrðingunni.<sup>16</sup>

**Ferðamenn í hálendiskönnun 2000**  
- sammála stofnun þjóðgarðs norðan Vatnajökuls  
þeir sem afstöðu tóku



Sama fullyrðing var lögð fyrir 34 forsvarsmenn ferðaskrifstofa og útivistarfélaga í könnun RRF um áhrif Kárahnjúkavirkjunar á útivist og ferðaþjónustu árið 2001. Um 90% þeirra sem afstöðu tóku voru sammála fullyrðingunni.<sup>17</sup>

Mikilvægt er að gera nákvæma úttekt á kostum og göllum stórs þjóðgarðs norðan Vatnajökuls, frá Vonarskarði til Lónsöræfa, mögulegu stjórnskipulagi og hans og rekstri. Einnig þarf að skoða vel möguleika á minni þjóðgördum, s.s. Snæfellsþjóðgarði og Eldfjallapjóðgarði, reynist ekki raunhæft að leggja í þann stóra, sökum virkjanaframkvæmda, ósamstöðu landeigenda eða annars.

<sup>15</sup>. Heimild: Rögnvaldur Guðmundsson, „Gildi hálendisins fyrir ferðaþjónustu og útivist til 2020.“ RRF fyrir Orkustofnun vegna Rammaáætlunar, 2003. Bls. 134.

<sup>16</sup>. Hér eru súlurnar sem eiga við Íslendinga hafðar í bláum lit, fyrir íbúa á suðvesturhorninu annars vegar og íbúa á landsbyggðinni hins vegar, en súlur sem standa fyrir erlenda ferðamenn frá hinum ýmsu markaðssvæðum í rauðum lit.


<sup>17</sup>. 27% Íslendinga, 20% erlendra ferðamanna og 19% af fulltrúum ferðaskrifstofa og útivistarfélaga tóku ekki afstöðu til fullyrðingarinnar.



## Gildi hálandisins fyrir ferðapjónustu og útivist <sup>18</sup>

Óbyggðir Íslands hafa ótvírætt mikið aðdráttarafl fyrir erlenda ferðamenn, það staðfesta endurteknar kannanir. *Dear Visitors 1996* og *Dear Visitors 1998* sýndu að óbyggðirnar skipuðu annað sætið á eftir náttúru Íslands sem ástæða Íslandsheimsóknar. Þannig töldu 89-91% erlendra sumargesta 1996 og 1998 að náttúra Íslands hefði haft áhrif á að þeir völdu að koma til Íslands og 66-68% nefndu óbyggðirnar. Þá er athyglisvert að um helmingur ferðamanna að sumarlagi töldu að von um að upplifa ró og frið, hreint vatn og loft hefði haft áhrif á ákvörðun sína. Þessir þættir eru sterklega tengdir óbyggðum landsins.

Menning og siðir landsmanna og okkar virðast skipta verulegu máli fyrir um þriðjung erlendra gesta okkar, allan ársins hring. Hins vegar töldu aðeins 23-25% sumargesta að Reykjavíkursvæðið hefði haft áhrif á að þeir völdu að heimsækja Ísland. Vægi Reykjavíkursvæðisins tvöfaldast hins vegar utan sumartíma, enda er þá meiri áhersla lögð á að markaðssetja höfðuborgina. Eftir sem áður er náttúran mikilvægasta ástæða Íslandsheimsóknar utan sumartíma og óbyggðir Íslands í öruggu öðru sæti.




Athygli vekur að fólk á aldrinum 16-45 ára taldi hálandið hafa meiri áhrif á ákvörðun sína (68-75%) en þeir sem eldri eru (60-62%). Það bendir til þess að óspillt óbyggð svæði á

<sup>18</sup>. Heimild: Rögnvaldur Guðmundsson, „Gildi hálandisins fyrir ferðapjónustu og útivist til 2020.“ RRF fyrir Orkustofnun vegna Rammaáætlunar, 2003. Bls. 39-41.

Íslandi séu meira virði í hugum yngra fólksins og að þau verði því enn verðmætari þegar fram líða stundir.

Sumarið 1998 töldu 56% svarenda að óbyggðir Íslands hefðu verið ein af þremur helstu ástæðum þess að þeir ákváðu að velja Ísland sem áfangastað; þar af nefndu 12% að óbyggðirnar hefðu verið aðalástæðan, 31% næst mikilvægasta ástæðan og 13% að óbyggðirnar hefðu verið þriðja mikilvægasta ástæða Íslandsferðar. Algengast var að náttúra Íslands væri talin mikilvægasta ástæðan (59%) og eru óbyggðirnar að sjálfsögðu órjúfanlegur hluti hennar.<sup>19</sup>

**Þættir sem höfðu áhrif á komur erlendra ferðamanna til Íslands sumar og haust 1998 - mikilvægi nr. 1-3**



Ekki hefur enn verið lögð sú spurning fyrir ferðamenn hvort þeir myndu láta hjá líða að koma til Íslands ef hér væri ekki lítt snortið hálendi. Þær niðurstöður rannsókna sem fyrir liggja benda til þess að allstór hluti núverandi ferðamanna hefðu ekki komið til Íslands ef svo væri.

Er lítt spillt hálendi og óbyggðir e.t.v. helsta líftaug íslenskrar ferðaþjónustu, miðað við núverandi stöðu mála? Frekari rannsóknir ættu að geta gefið okkur nánari svör við þessum spurningum og tilgátunni sem hér er sett fram.


<sup>19</sup>. Eins og sjá má er mjög gott samræmi á ástæðum fyrir Íslandskomum erlendra gesta árið 1996 og 1998.



## Álit Íslendinga á uppbyggingu helstu hálendisvega <sup>20</sup>

### Allir þátttakendur

Eins og í símakönnun RRF árið 2002 var nú spurt hvernig fólk vildi hafa áður nefnda fjóra hálendisvegi í framtíðinni. Gefnir voru þrjú valmöguleikar: hafa vegina óbreytta, lagfæra þá sem malarvegi og brúa stærstu vatnsföll eða byggja upp með slitlagi og fullbrúa.<sup>21</sup> Af þeim sem afstöðu tóku vildu fleiri láta lagfæra Kjalveg og Sprengisandsveg heldur en Kaldadalveg og fæstir vildu leggja í miklar endurbætur á Fjallabaksleið nyrðri.




Þannig virðist verulegur meirihluti landsmanna sem myndað hefur sér skoðun á þessum málum telja að varlega eigi að fara við að gera hálendisvegina jafn góða og bestu vegi í byggð, fremur endurbæta þá þannig að fleirum verði gert kleift að fara um þá án þess að skemma það ævintýri sem hálendisferðir eru í hugum margra landsmanna.

<sup>20</sup>. Heimild: Rögnvaldur Guðmundsson, „Íslendingar - hálendisvegir, vegagerð og umferðaröryggi.“ RRF fyrir Vegagerðina, 2004.

<sup>21</sup>. 22-26% tóku ekki afstöðu til spurningarinnar í könnuninni árið 2004 en mun fleiri voru óákveðnir árið 2002, um þriðjungur að jafnaði. Fleiri virðast því hafa myndað sér skoðanir á þessum hálendisvegamállum nú en áður.

## Þeir sem hafa farið um hálendisvegina

Eins og áður er getið höfðu 61% fólks í könnuninni 2004 farið Kjalveg, 48% um Sprengisand og Kaldadal en 35% um Fjallabak nyrðra. Þetta fólk vildi minni umbætur á vegunum en þeir sem ekki höfðu farið um þá og síst á Fjallabaksleið nyrðri.<sup>22</sup>



Almennt fjölgar þeim frá árinu 2002 sem vilja að vegirnir Kjöl, Kaldadal og Fjallabak nyrðra verði endurbættir nokkuð. Enn eru þó 45% á þeirri skoðun að vegurinn um Fjallabak nyrðra eigi að vera óbreyttur en 27-35% hvað aðra vegi varðar. Það vekur athygi að þeim fjölgar nokkuð sem telja að vegurinn um Sprengisand eigi að vera óbreyttur.

Þessar niðurstöður gefa vísbendingar um að Íslendingar vilji almennt fara varlega í uppbyggingu hálendisvega, þó það sé talsvert misjafnt eftir því hvaða hálendisleið er til umræðu.

<sup>22</sup>. 7-8% þeirra sem höfðu farið viðkomandi leiðir tóku ekki afstöðu til spurningarinnar árið 2004, mun færri en árið 2002.